

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2018, mánudaginn 5. mars var haldinn 140. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12 og hófst kl. 8:36. Viðstaddir voru Ólafur Kristinsson og Ingvar Garðarsson. Fundarritari var Hallur Símonarson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. febrúar 2018, með ósk um umsögn endurskoðunarnefndar um tillögu stjórnar að framtíðarfyrirkomulagi innri endurskoðunar Orkuveitunnar. IE17120004
Frestað.
- Kl. 8:45 tekur Sunna Jóhannsdóttir sæti á fundinum.
2. Lagt fram erindi frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, dags. 3. mars 2018, vegna viðbragða regluvarðar við ósk um upplýsingar. IE18010007
Frestað.
3. Fram fer kynning á ársreikningi Orkuveitunnar. IE17060001
Samþykkt að fela Sunnu Jóhannsdóttur og Ingvari Garðarssyni að gera umsögn endurskoðunarnefndar til stjórnar Orkuveitunnar.

Ingvar Stefánsson og Bryndís María Leifsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Fram fer kynning á ársreikningi Félagsbústaða og skýrslu framkvæmdastjóra. Jafnframt eru lögð fram drög að umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikning og störf endurskoðunarnefndar á árinu 2017. IE17060001.
Samþykkt að vísa umsögn endurskoðunarnefndar til stjórnar Félagsbústaða.

Auðun Freyr Ingvarsson og Kristín Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á drögum að skýrslu PwC, Sorpa bs. innri endurskoðun, dags. 7. mars 2018. IE18020009

Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fram fer kynning á niðurstöðum úttektar innri endurskoðunar á uppgjörsferli Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. IE17080003

Sigrún Lilja Sigmarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Fram fer kynning á niðurstöðum sjóðsúttektar innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar hjá íþróttá- og tómstundaráði. IE17030015

Atli Þór Þorvaldsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Aukaverk ytri endurskoðenda – rýni viðskiptaáætlunar nýs þjóðarleikvangs í Laugardal. IE18030001
Samþykkt á grunni þess að verkefnið raskar ekki óhæði endurskoðenda vegna endurskoðunar 2017.

Fundi slitið kl. 12:20

Ólafur Kristinsson

unna Jóhannsdóttir

Ingvar Garðarsson